

Eignaupptakan á Íslandi

Okurvextir

Kári skrifar

8. september 2024

L^AT_EX

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|--|----|
| 0.1 | Inngangur | 3 |
| 0.2 | Okurvextir | 4 |
| 0.2.1 | Evrópuréttur | 4 |
| 0.2.2 | Ósanngjarnir skilmálar | 5 |
| 0.2.3 | Vernd neytenda | 5 |
| 0.2.4 | Skýrar upplýsingar | 5 |
| 0.2.5 | Samskipti við aðildarríki | 5 |
| 0.2.6 | Niðurstaða | 6 |
| 0.3 | Dómar um okurvexti | 6 |
| 0.3.1 | Evrópuréttur | 6 |
| 0.3.2 | Bandaríkin | 6 |
| 0.3.3 | Kanada | 7 |
| 0.4 | Stýrivextir | 8 |
| 0.4.1 | Stýrivextir í Evrópuríkjum | 10 |
| 0.4.2 | Stýrivextir í G20 ríkjunum | 11 |
| 0.5 | Eignaupptakan | 11 |
| 0.6 | Húsnæðismálin | 12 |
| 0.7 | Ályktanir og niðurstöður | 13 |
| 0.8 | Eftirmáli | 17 |
| 0.8.1 | Nokkrar vísur | 17 |
| 0.9 | Landsframleiðsla (GDP) | 18 |
| 0.9.1 | 1. Framleiðsluaðferð (Production Approach) | 19 |
| 0.9.2 | 2. Tekjuaðferð (Income Approach) | 19 |
| 0.9.3 | 3. Útgjaldaaðferð (Expenditure Approach) | 20 |
| 0.10 | Samantekt | 20 |

0.1 Inngangur

Okur (og okurvextir) hefur viðgengist í gegnum aldirnar og er oft tengt við óheiðarlegar eða ósanngjarnar lánveitingar. Í sögulegu samhengi hefur okur verið notað til að lýsa því þegar lánveitendur, oftast auðugir einstaklingar eða stofnanir, setja óeðlilega háa vexti á lán, sem gerir það að verkum að lántakendur, sem oft eru í fjárhagslegum erfiðleikum, eiga erfitt með að greiða lánin til baka.

Okur er skilgreint í bandarískum lögum, **Code of the District of Columbia**, tölul. (1) gr. 3303 í bálki 28. Skilgreiningin nær bæði til munnlegra og skriflegra samninga. Þegar um ræðir munnlega samninga einstaklinga eða fyrirtækja er markið sett við hærri vexti en **6%** á ársgrundvelli. Um skriflega samninga vísast til tölul. (2) gr. 3303 í bálki 28, gr. 3301 og 3308 í bálki 28, í kafla 36, sem og gr. 301 í bálki 26 o.fl. og skal lánveitandi fyrirgera öllum vöxtum skv. nefndum lagagreinum.¹

Okurvextir² eru háir vextir sem eru oft langt umfram það sem er eðlilegt eða sanngjarnt. Þeir eru notaðir til að tryggja að lánveitendur geti hagnast á fjárhagslegum erfiðleikum lántakenda. Þetta skapar hringrás þar sem vinnandi fólk, sem oft á í erfiðleikum, neyðist til að greiða háa vexti, sem leiðir til þess að það missir eignir sínar og fjármuni.

Í samfélagi þar sem háir stýrivextir, eins og þeir sem Seðlabanki Íslands hefur sett, eru algengir, getur það leitt til þess að samfélagið líkist meira mafíusamfélagi en siðvæddu samfélagi. Háir stýrivextir leiða til þess að lánveitingar verða dýrari, sem gerir það að verkum að einstaklingar og fjölskyldur, sem oft eru í fjárhagslegum erfiðleikum, neyðast til að leita að lánum eftir óformlegum eða óheiðarlegum leiðum. Þetta getur skapað umhverfi þar sem ólöglegar lánveitingar og okurvextir verða algengari, þar sem fólk neyðist til

¹Skoða lagasafn.

²Sjá einning: Carter, Carolyn. „Predatory Installment Lending in the States: How Well Do the States Protect Consumers Against High-Cost Installment Loans?“ (2022). June 28, 2022. Report.Sækja skýrslu.

að samþykkja ósanngjarna skilmála til að komast yfir nauðsynlega fjármuni.

Þegar lánveitendur nýta sér þessa stöðu, er auðvelt að sjá hvernig auðstéttin getur hagnast á vinnandi fólki. Ef einstaklingar, eða fjölskyldur, neyðast til þess að taka lán til að mæta nauðsynlegum útgjöldum, eins og læknskostnaði eða menntun, eru þeir oft í þeirri stöðu að samþykkja óheiðarlega lánaskilmála. Þetta hefur þær afleiðingar að lán eru ekki einungis greidd, heldur einnig háir vextir, sem aftur hækkar skuldir verulega.

Þannig eru okurvextir ekki aðeins fjárhagslegt vandamál, heldur einnig félagslegt og siðferðilegt. Þeir stuðla að auknum ójöfnuði í samfélaginu, þar sem auðugir einstaklingar safna enn meiri auði, á kostnað þeirra sem eru í erfiðri stöðu. Það skapar **hringrás fátæktar og ójöfnuðar**, þar sem vinnandi fólk berst stöðugt við að halda í eignir sínar og fjárhagslegt öryggi.

Í dag er mikilvægt að auka vitund um okur og okurvexti,³ og að stuðla að réttlátari lánveitingum sem ekki setja vinnandi fólk í erfiðar aðstæður. Með því að berjast gegn okri má stuðla að sanngjarnara og réttlátara samfélagi fyrir alla.

0.2 Okurvextir

0.2.1 Evrópuréttur

Það er hægt að færa rök fyrir því að mjög háir vextir teljist ósanngjarnir og geti brotið gegn evrópskum neytendarétti, sérstaklega í ljósi þess að ESB hefur sett fram reglur sem miða að því að vernda neytendur gegn ósanngjörnum skilmálum í samningum.

³Sjá einnig: Ben Caldera (Jun 15, 2023). „A Penalty for Your Thoughts: Default Interest Rate Found to Be Penal“. Lesa grein.

0.2.2 Ósanngjarnir skilmálar

Samkvæmt tilskipun ESB um ósanngjarna skilmála í neytenda-samningum (93/13/EBE) eru skilmálar sem eru ósanngjarnir í samningum við neytendur óheimilir.⁴ Háir vextir, sem eru óeðlilega háir miðað við markaðsaðstæður, gætu talist ósanngjarnir og því ógildanlegir.

0.2.3 Vernd neytenda

ESB leggur áherslu á að vernda neytendur, sérstaklega í fjármálum. Háir vextir geta leitt til þess að neytendur lendi í fjárhagslegum erfiðleikum, sem er í andstöðu við markmið ESB um að tryggja sanngirni og jafnvægi í fjárhagslegum samböndum.

0.2.4 Skýrar upplýsingar

Samkvæmt neytendarétti ESB þurfa lánveitendur að veita skýrar og aðgengilegar upplýsingar um kostnað við lán, þar á meðal vexti. Ef vextir eru óeðlilega háir og ekki vel útskýrðir, gæti það einnig verið brot á þessum reglum.

0.2.5 Samskipti við aðildarríki

Aðildarríki ESB eru skuldbundin til þess að innleiða og framfylgja reglum Evrópuréttar. Ef háir vextir eru algengir í ákveðnu ríki, gæti ríkið þurft að grípa til aðgerða til að vernda neytendur.

⁴Um þetta má almennt segja að ósanngjarnir samningar (ákvæði) eru taldir ógildanlegir (**voidable**) frekar en sjálfkrafa ógildir (**void**). Dómstóll getur lýst viss ákvæði samnings ósanngjörn. Þar með missa þau gildi sitt. Hins vegar, kunna aðrir hlutar samningsins að halda gildi sínu, enda sé ekkert því til fyrirstöðu að öðru leyti. Sumir samningar kunna að vera ógildir frá byrjun, í heild sinni, og brjóta gegn lögum.

0.2.6 Niðurstaða

Í heildina má segja að mjög háir vextir geti talist ósanngjarnir og brjóta gegn evrópskum neytendarétti, sérstaklega ef þeir eru ekki í samræmi við markmið um sanngirni, skýrar upplýsingar og vernd neytenda.

0.3 Dómar um okurvexti

0.3.1 Evrópuréttur

Mál *C-415/11, Aziz málið (ESB)*: Dómur þar sem Evrópudómstóllinn staðfesti að lánveitendur þurfi að veita skýrar upplýsingar um skilmála, þar á meðal vexti, og að ósanngjarnir skilmálar kunni að vera ógildanlegir.⁵ Mál *C-26/13, M. K. málið (ESB)*: Dómur þar sem dómstóllinn taldi að háir vextir gætu verið ósanngjarnir og að neytendur ættu rétt á vernd gegn slíkum skilmálum.⁶

0.3.2 Bandaríkin

Miller v. Bank of America (2008): Dómur þar sem dómstóllinn fjallaði um háa vexti⁷ í tengslum við lánveitingar og taldi að lánveitendur þyrftu að fylgja lögum um sanngirni í fjármálum.⁸ *Soaring Pine Capital v. Park Street Realty (2024)*: Í málinu sem dæmt var af Hæstarétti Michigan, fyrr á árinu, var staðfest að **óhóflegir vextir eru enn ólöglegir**, óháð því hvað þeir eru kallaðir.

Um var að ræða lán upp á 1 milljón dollara, einkalán (non-bank lender), frá Soaring Pine, til fyrirtækis (Park Street) sem notaði fjármagnið til að kaupa og endurnýja fasteignir í Detroit. Þó að lánið

⁵*C-415/11 Mohamed Aziz v Caixa d'Estalvis de Catalunya, Tarragona i Manresa (Catalunyacaixa)*

⁶*C-26/13 Árpád Kásler, Hajnalka Káslerné Rábai v OTP Jelzálogbank Zrt*

⁷Sjá einnig: Bankrate. „Bankrate - Financial Rate Information.“ Skoða síðu.

⁸*Miller v. Bank of Am., (1:21-cv-00337-SKO), (E.D. Cal.) (May 16, 2024).*

bæri 20% vexti, sem er innan löglegra marka, leiddu aðrir gjaldaliðir og kostnaður til þess að heildarvextirnir fóru yfir 25%. Lánessamningurinn innihélt ákvæði (usury savings clause) þess efnis að vextirnir væru hvorki óhóflegir né ólögmatir. Dómurinn staðfesti hins vegar að ákvæðið væri óvirkt ef lánessamningur krefðist þess að öðru leyti að greiddir væru ólögmatir vextir.⁹

0.3.3 Kanada

Málið *Garland v. Consumers' Gas Co. (1998)* snérist um lögmatí seinkunargjalds (LPP) sem gasfyrirtækið lagði á viðskiptavinum sem ekki greiddu reikninga á tilsettum tíma. Garland hélt því fram að seinkunargjaldið væri í raun vextir hærrí en 60% á ári, sem væri í andstöðu við 347. gr. kanadísku hegningarlögunanna.¹⁰¹¹ Glæpavextir merkja virka árlega vexti sem fara yfir 60% út frá almennt viðurkenndum tryggingafræðilegum venjum og meginreglum.

Hæstiréttur Kanada samþykkti áfrýjun Garland og sendi málið aftur til dómstólsins í Ontario (General Division) til frekari meðferðar. Dómurinn lagði áherslu á að seinkunargjöld þurfi að vera í samræmi við lög um hámarksvexti, sem hefur áhrif á réttindi neytenda.¹²

Í málinu (1992), *82 Man.R.(2d) 184 (QB)*, fjallaði dómstóll í Manitoba (Manitoba Court of Queen's Bench) um glæpavexti samkvæmt gr. 347(1)(a) í kanadísku hegningarlögunum (alríkislög). Ákærði, veðsali, var sakfelldur fyrir að hafa rukkað vexti yfir 60% á ári.

Dómurinn taldi skort á ásetningi engu máli skipta við sakfellinguna og staðfesti að óhóflegir vextir væru brot á lögum. Dómstóllinn

⁹*Soaring Pine Capital Real Estate & Debt Fund II, LLC v. Park St. Grp. Realty Servs., LLC, MSC No. 163320 (June 23, 2023).*

¹⁰Undir 347. gr. eru árlegir vextir sem fara yfir 60% af lánsfé sem veitt er samkvæmt samningi eða fyrirkomulagi skilgreindir sem glæpavextir (criminal interest rate).

¹¹Sjá einnig: Significant Changes Proposed to the Criminal Interest Rate, May 18, 2021.

¹²*Garland v. Consumers' Gas Co., (1998) 3 SCR 112, 25644 (SCC).*

hafnaði áfrýjun og styrkti þá meginreglu að einstaklingar yrðu að gera sér ljósar lagalegar takmarkanir vaxta í fjármálaviðskiptum.¹³

0.4 Stýrivextir


Á heimasíðu **Skandinaviska Enskilda Banken** segir efnislega: Eftir óróa á hlutabréfamörkuðum síðsumars, lækkandi vexti og veikari dollar, hafa markaðir róast og aðlagast hröðun efnahagslífsins í Bandaríkjunum og væntanlegum stýrivöxtum frá Seðlabanka Bandaríkjanna. Baráttan við verðbólgu hefur gengið vel og seðlabankar eru á leiðinni að taka ákveðnari skref í átt að vaxtjafnvægi.

Seðlabanki Bandaríkjanna mun hefja vaxtalækkunarlotu sína í september með að minnsta kosti 25 punkta lækkun og vaxtalækkunir Seðlabanka Evrópu munu halda áfram í haust. Hagvaxtarbilið minnkar þar sem Bandaríkin og Kína hægja á sér og hagkerfi evrusvæðisins gengur hraðar, þó með hóflegum hraða. Áframhaldandi seigla vinnumarkaðar, hækkandi kaupmáttur launa og lægri vextir munu knýja áfram vöxt.

Í Svíþjóð munu lægri vextir og skattar stuðla að öflugum bata. Eftir meira en tveggja ára stöðnun landsframleiðslu mun sænska hagkerfið vaxa um meira en 2,5% á næsta ári og tæp 3% árið 2026. Seðlabanki Svíþjóðar mun lækka stýrivexti sína í 2% í lok næsta árs og Ríkisstjórnin mun verja 75-80 milljörðum sænskra króna í ófjármagnaðar umbætur árið 2025.¹⁴

¹³(1992), 82 Man.R.(2d) 184 (QB).

¹⁴SEB. Nordic Outlook: A race between interest rate cuts and recession risks



Mynd 1: Stýrivextir
Heimild: Trading Economics.

0.4.1 Stýrivextir í Evrópuríkjum

| Land | Eru | Voru | Mánuður/Ár | Eining |
|-----------------------|------|------|------------|--------|
| Sviss | 1.25 | 1.25 | Júlí/24 | % |
| Albanía | 3 | 3 | Ágúst/24 | % |
| Danmörk | 3.35 | 3.35 | Júlí/24 | % |
| Svíþjóð | 3.5 | 3.75 | Ágúst/24 | % |
| Búlgaríá | 3.53 | 3.63 | Ágúst/24 | % |
| Moldova | 3.6 | 3.6 | Ágúst/24 | % |
| Evrusvæðið | 4.25 | 4.25 | Júlí/24 | % |
| Tékkland | 4.5 | 4.75 | Ágúst/24 | % |
| Noregur | 4.5 | 4.5 | Ágúst/24 | % |
| Bosnía og Herzegovina | 4.53 | 4.84 | Maí/24 | % |
| Bretland | 5 | 5.25 | Ágúst/24 | % |
| Póland | 5.75 | 5.75 | Júlí/24 | % |
| Serbía | 6 | 6 | Ágúst/24 | % |
| Makedonía | 6.3 | 6.3 | Júlí/24 | % |
| Rúmenía | 6.5 | 6.75 | Ágúst/24 | % |
| Ungverjaland | 6.75 | 6.75 | Ágúst/24 | % |
| Ísland | 9.25 | 9.25 | Ágúst/24 | % |
| Hvíta Rússland | 9.5 | 9.5 | Júlí/24 | % |
| Úkraína | 13 | 13 | Júlí/24 | % |
| Rússland | 18 | 16 | Júlí/24 | % |
| Tyrkland | 50 | 50 | Ágúst/24 | % |

Tafla 1: Taflan sýnir stýrivexti nokkurra Evrópuríkja í júlí/ágúst 2024.

Heimild: Trading Economics.

0.4.2 Stýrivextir í G20 ríkjum

| Land | Eru | Voru | Mánuður/Ár | Eining |
|--------------|-------|------|------------|--------|
| Japan | 0.25 | 0.1 | Júlí/24 | % |
| Sviss | 1.25 | 1.25 | Júlí/24 | % |
| Kína | 3.35 | 3.35 | Ágúst/24 | % |
| Suður Kórea | 3.5 | 3.5 | Ágúst/24 | % |
| Singapúr | 3.57 | 3.61 | Ágúst/24 | % |
| Evrusvæðið | 4.25 | 4.25 | Júlí/24 | % |
| Ástralía | 4.35 | 4.35 | Ágúst/24 | % |
| Kanada | 4.5 | 4.75 | Júlí/24 | % |
| Bretland | 5 | 5.25 | Ágúst/24 | % |
| Bandaríkin | 5.5 | 5.5 | Júlí/24 | % |
| Saudi Arabía | 6 | 6 | Jun/24 | % |
| Indonesía | 6.25 | 6.25 | Ágúst/24 | % |
| Indland | 6.5 | 6.5 | Ágúst/24 | % |
| Suður Afríka | 8.25 | 8.25 | Júlí/24 | % |
| Brasilía | 10.5 | 10.5 | Júlí/24 | % |
| Mexíkó | 10.75 | 11 | Aug/24 | % |
| Rússland | 18 | 16 | Júlí/24 | % |
| Argentína | 40 | 40 | Júní/24 | % |
| Tyrkland | 50 | 50 | Aug/24 | % |

Tafla 2: Stýrivextir í G20 ríkjum

Heimild: Trading Economics.

0.5 Eignaupptakan

Háir stýrivextir og vextir banka hafa veruleg áhrif á efnahagslíf-ið og eignaskiptingu í samfélaginu. Þegar stýrivextir eru hækkaðir, eykst kostnaður við lántökur, sem gerir það dýrara fyrir almenning að fjármagna húsnæði, bíla eða aðrar nauðsynlegar eignir. Þetta getur leitt til þess að einstaklingar með lægri tekjur, sem oft eru háðir

lánnum, eiga erfiðara með að greiða af lánum sínum og halda í eignir sínar.

Á sama tíma eru auðmenn oft betur í stakk búnir til að takast á við hærri vexti. Þeir hafa aðgang að betri fjármögnunarmöguleikum og geta nýtt sér hærri vexti til að auka eignir sínar, þar sem þeir geta fjárfest í eignum sem gefa af sér hærri ávöxtun. Þetta skapar ójafnvægi í eignaskiptingu, þar sem auðfólk getur aukið eignir sínar á kostnað almennings.

Einnig geta háir vextir dregið úr fjárfestingum í atvinnulífinu, þar sem fyrirtæki eru ófær um að taka lán til að stækka eða fjárfesta í nýjum verkefnum. Þetta getur leitt til minni atvinnusköpunar og efnahagslegs vaxtar, sem aftur hefur neikvæð áhrif á almenning. Þannig geta háir stýrivextir og vextir banka stuðlað að því að eignir flytjast frá almenningi til auðfólks, sem eykur ójafnvægi í samfélaginu.

0.6 Húsnæðismálin

Í ástralska blaðinu *Financial Review* er grein á netinu frá 2023 sem nefnist í lauslegri þýðingu: „Hærri vextir splundra húsnæðisdraumum um allan heim.“ Þar segir m.a.: Áfallið sem gekk yfir alþjóðlega húsnæðismarkaði, þegar seðlabankar hækkuðu vexti hratt á síðasta ári, hefur vikið fyrir köldum nýjum veruleika: Fasteignasölu sem ýtti undir auð milljóna manna er lokið.

Markaðir um allan heim eru lentir á milli verulega hærri lántöku-kostnaðar - sem líklega er kominn til að vera - og skorts á eignum sem heldur verðinu uppi. Það hefur gert húsnæðis kaup á mörgum svæðum jafnvel enn óviðráðanlegri á meðan fasteignaeigendur með endurgreiðslulán standa frammi fyrir auknu fjárhagslegu álagi.

Bandaríski markaðurinn, sem einkennist af 30 ára húsnæðislán-um,¹⁵ er í raun „frosinn“ þar sem eigendur húseigna með lága vexti

¹⁵Sjá einnig: „30-Year Mortgage Rates Today.“ (2024). September 5, 2024. Skoða vaxtatöflur.

eru tregir til að selja og kaupendur eru undir þrýstingi.

Á langfímauppgangssvæðum Nýja Sjálands og Kanada hafa eignir ekki lækkað marktækt og húsnæðis kaupendur og fólk sem greiddi hámarksverð glímir nú við hærri afborganir. Frá Bretlandi til Suður-Kóreu, eykst neyð leigusala. Víða gera hærri vextir það einungis erfiðara að byggja.

Atburðarásin kann að vera mismunandi eftir löndum, en eykur þó alltaf við mögulegan samdrátt hagkerfa heimsins þar sem fólk leggur æ stærri hluta tekna sinna í húsnæði, hvort sem það leigir eða á húsnæðið.

Þar sem fólk er í auknum mæli útilokað frá húsnæðis kaupum, virðast þau lífsgæði að eiga húsnæði, grunnstoð persónulegra fjármála í gegnum kynslóðir um allan heim, sem hluti af öryggi millistéttarinnar, skyndilega miklu fjarlægari nú.

Þeir sem standa með pálmann í höndunum eru eigendur sem hafa náð eigin fé frá hækkandi verðmætum eða eru ekki með veð, sem gerir þeim kleift að leggja fé í fjárfestingar með hærri ávöxtun. „Gullöld einbýlishúsa er að baki“, segir Mark Zandi, aðalhogfræðingur hjá Moody's Analytics. „Ef fólk keypti eftir fjármálakreppuna, hefur byggst upp mikið eigið fé í flestum heimshlutum, en næstu 10 ár verða líklega erfiðari.“¹⁶

0.7 Ályktanir og niðurstöður

Flestir þekkja þá ringulreið sem ríkir á íslenskum húsnæðismarkaði. Þar blandast saman fégræðgi með okri, glæpamennska og mafíustarfsemi, í bland við afskiptaleyfi og velvilja stjórnvalda gagnvart ástandinu. Ef að það er einhver huggun fyrir unga húsnæðis kaupendur á Íslandi þá væri hún helst sú að unga fólkið á Íslandi er

¹⁶Ari Altstedter, Ainsley Thomson og Prashant Gopal, „Higher interest rates are shattering housing dreams around the world“, *Financial Review*, 21. nóvember 2023. Sækja grein.

ekki eitt á báti í þessari baráttu. Fólk um allan heim glímir við það sama.

Samt sem áður er ástandið almennt gersamlega óviðunandi. Að **hrægama- og mafíusjóðir** nái til sín gríðarlegu magni íbúðarhúsnæðis er sterkt sjúkleikamerki á samfélagi. Slíkt gerist ekki í heilbrigðu samfélagi. En það gerist þar sem mafíur leika lausum hala og hafa jafnvel komið fulltrúm sínum í æðstu stöður ríkja, s.s. í stjórnslu og dómskerfi. Einhver kann að spyrja: en er þetta ekki ríkjandi ástand víða um heim? Svar: Jú, mikið rétt, sem sýnir einmitt að glæpavæðingin er alþjóðlegt vandamál sem hefur náð undirtökum mjög víða. Hún er alls ekki bundin við einstök ríki. Þar sem óheftir markaðir ráða för verður niðurstaðan þessi.

Glöggir lesendur kunna að hugsa með sér: er það ekki frekar ódýrt að skýra ástandið á húsnæðismarkaði með mafíustarfsemi? Svar: Nei, fjarri því. Sú skýring ein og sér dugar þó engan veginn. Málið er flóknara en svo. **Alþjóðlegt siðrof** er þarna undirliggjandi ástæða. Það eru ekki einvörðungu „hefðbundnir glæpir“ sem víða eru á uppleið heldur enn frekar alþjóðlegir fjámunaglæpir á risastór-um skala. Siðrofið er þó alltaf undirliggjandi ástæða.

Bandaríski lög-, afbrota- og hagfræðingurinn Dr. William K. Black sagði efnislega um þessi atriði í viðtali við þáttastjórnandann Bill Moyers árið 2009 (skömmu eftir hrunið mikla): **Þetta er vegna grundvallarskorts á heiðarleika.** Black vitnaði m.a. til hagfræðingsins Larry White sem skrifaði bók um sparisjóðakreppuna í Bandaríkjunum (um og eftir 1980). White velti fyrir sér hvers vegna svo fáir beittu sviksemi, þrátt fyrir allt, miðað við allan þann fjölda sem þó hefði mögulega getað komist upp með það. Niðurstaða White var sú að um 10% forstjóra stunduðu sviksemi (fraud). Það sem hindraði hin 90% var siðferði og heiðarleiki.¹⁷ Black vísaði síðan til þess að „elítustofnanir“ í Bandaríkjunum hefðu tekið þátt í og auðveldað

¹⁷Bill Moyers Journal: William K. Black, PBS, 3. apríl 2009. Sjá viðtal.

svikin.¹⁸

Vaxtaokur á Íslandi gerir að verkum að margir geta ekki lengur staðið við skuldbindingar sínar og greitt af lánum. Það er mikilvægt að hafa í huga að almenningur á enga sök á þessu ástandi heldur stjórnvöld og embættismenn. Þeirra er sökin og þeirra er skömmin. Almenningur er hins vegar þolandinn í málinu.

Rjúfa þarf tengslin á milli fjárhagslegra hagsmuna almennings annars vegar og hins vegar fólks í mafíum sem notar sparifé almennings til þess að braska með að eigin vild og geðþótta. Þar væri álitlegur kostur einhvers konar samvinnubankar sem einungis almenningur ræður og getur verið í viðskiptum við. Braskarar og mafíufólk hefði engan aðgang að þeim. Það þarf að tryggja með vandaðri lagasetningu. Þá þarf enn fremur að tryggja að stjórnvöld, sem kunna að hafa tengsl við mafíustarfsemi, geti aldrei einkaránsvætt slíka banka. Þá verði seðlabankastjórnar kosnir með þjóðaratkvæðagreiðslu. Seðlabankastjórinn væri þjóðkjörinn en ekki valinn af valdaklíkunni.

Það er umdeilt hvort stýrivaxtahækkunar hafa tilætluð áhrif, þ.e. til að lækka verðbólgu og „kæla“ hagkerfið. Þekktir hagfræðingar telja áhrif stýrivaxtahækkana, til lækkunar verðbólgu, stórlega ofmetin. Í samtali sínu við Peter Coy, blaðamann hjá *The New York Times*, um háa stýrivexti, útskýrir Paul Krugman að háir vextir séu byrði fyrir suma, sérstaklega fyrstu kaupendur á húsnæði. Hann bendir á að þrátt fyrir að margir Bandaríkjamenn séu óánægðir með háa vexti, séu þeir almennt jákvæðir um eigin efnahagsstöðu, en telji að þjóðarhagkerfið sé í erfiðleikum. Krugman bendir á að háir stýrivextir geti aukið á óánægju fólks, jafnvel þótt vöxtunum sé ekki um að kenna.

Hann segir einnig að almenningur sé ekki alltaf sammála um það hvernig háir vextir tengjast verðbólgu. Margir telji að hærrí vextir geti valdið verðbólgu, sem er andstætt hefðbundinni hagfræði

¹⁸ „And what we had in this crisis, instead of the Savings and Loan, is the most elite institutions in America engaging or facilitating fraud.”

sem segir að hækkun vaxta dragi úr eftirspurn og „kæli“ efnahagslífið. Krugman bendir á að nýleg verðbólga sé að miklu leyti tengd húsnæðismarkaði, þar sem háir vextir dragi úr byggingu á nýju húsnæði, sem þannig dregur úr framboði.

Hann viðurkennir að háir vextir geti haft neikvæð áhrif á lántakendur, sérstaklega þá sem eru með lágar tekjur, en segir að nýlegar launahækkningar láglaunafólks hafi verið meiri en fyrir aðra. Krugman segir háa vexti geta haft áhrif á efnahagslífið, en að það sé flókið að meta áhrif þeirra á ójöfnuð.

Að lokum bendir Krugman á að ef vextir lækki, gæti það bætt efnahagsstöðu fólks, en hann er ekki alveg viss um hvort bandaríski seðlabankinn ætti að lækka vexti strax, þar sem efnahagsvöxtur virðist enn vera sterkur.¹⁹

Ástæður vaxandi verðbólgu á Íslandi verða að mestu raktar til bruðs og óstjórnar í fjármálum hins opinbera. Stjórnámálamenn fara með almannafé eins og hægt sé að prenta peninga eftir þörfum. Lítið dæmi um það er montráðstefna sem haldin var í Hörpu um „mannréttindi“, dagana 16.-17. maí 2023. Þessi ráðstefna var á fínu máli kölluð „Leiðtogafundur Evrópuráðsins.“ Hún er sögð hafa kostað á þriðja milljarð íslenskra króna. Þá hleypur kostnaður við **hælisleitendaiðnaðinn** á tugum milljarða, að minnsta kosti ef allt er talið með. Ætla má að bruðlið vaxi á komandi árum, ef daðrið við Evrópusambandið, Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar heldur áfram. Afraksturinn fyrir hinn almenna Íslending er hins vegar afar rýr. Það eina sem hann fær er að greiða hærrí skatta og taka á sig meiri álögur.

Hávaxtatefnan er einungis einn hlutinn (en þó mjög stór) af glæpavæðingu íslensks samfélags. Allt fjármálakerfið er glæpavætt en hápunktur náði væðingunni í hruninu haustið 2008. Enn er haldið áfram. Öll glæpamennskan sem t.a.m. fylgir „bólusetningabransanum“ kemur smám saman í ljós og tengslið við Alþjóðaheilbrigðis-

¹⁹Paul Krugman og Peter Coy. *The New York Times*, Interest Rates, June 11, 2024, Sækja grein.

málastofnunina (WHO) sem aftur er undir hæl alþjóðlegra glæpa-fyrirtækja í lyfjaðnaði.

Hér má og nefna glæpavæðingu leigbílaaksturs sem þáverandi samgönguráðherra var sérstakur talsmaður fyrir. Megi skömm hans lengi lifa fyrir það. Glæpavæðing auðlindanna er komin á fulla ferð. Þar má telja, væntanlega, stjórnlausu uppsetningu á vindorkugörðum um land allt, brask með auðlindir þjóðarinnar og mjög líklegt rán á Landsvirkjun. Þá má ekki gleyma vatninu og öllu sem því tengist.

Ísland er orðið sæluríki þjófa og fjárglæframanna. Stjórnvöld hafa undanfarin ár stutt þessa glæpavæðingu alla saman og beinlínis opnað á hana. Þau vilja einmitt hafa fyrirkomulagið svona. Þetta þurfa kjósendur að veða og meta vandlega fyrir næstu kosningar til Alþingis; hvort þeir kæra sig um meira af svo góðu. Góðar stundir!

0.8 Eftirmáli

0.8.1 Nokkrar vísur

(Vaxtahækkarnir)

Braskararnir beygja kné,
brögðin sýnir texti.
Ef að þjófarnir þurfa fé,
þá má hækka vexti.

(„Grand“)

Sögnin þessi segja grand,
sýna brask og lófa.
Því Ísland er nú óskaland,
afglapa og þjófa.

(Stjórnámálamenn)
Ýmsir bófar eignum ná,
aðförina skráðum.
Mafíulófana margir sjá,
myglugrói sáðum.

(Ríkissjóður)
Þau ræna á þingi ríkissjóð,
reisa fjallið bratta.
Undan grafa Íslandsþjóð,
aftur hækka skatta.



Mynd 2: Myndin sýnir fjárhættuspilara í spilavíti í Havana. Heimild.

0.9 Landsframleiðsla (GDP)

Þeir sem starfa á Alþingi Íslendinga ættu helst að þekkja hvernig verðmætasköpun á sér stað. Landsframleiðsla (Gross Domestic Product, GDP) er mælikvarði á heildarframleiðslu vöru og þjónustu í landi á ákveðnu tímabili. Það eru þrjár aðalformúlur til að reikna GDP, sem eru:

0.9.1 1. Framleiðsluáferð (Production Approach)

$$GDP = \sum (V_i - C_i)$$

Þar sem: V_i er virði framleiðslu í iðnaði i og C_i er kostnaður við framleiðslu í iðnaði i .

0.9.2 2. Tekjuáferð (Income Approach)

$$GDP = W + R + i + P + T - S$$

Þar sem:

- W = laun (wages)
- R = leiga (rent)
- i = vextir (interest)
- P = hagnaður (profits)
- T = skattar (taxes)
- S = styrkir (subsidies)

0.9.3 3. Útgjaldaaðferð (Expenditure Approach)

$$GDP = C + I + G + (X - M)$$

Þar sem:

- C = neysla (consumption)
- I = fjárfesting (investment)
- G = opinber útgjöld (government spending)
- X = útflutningur (exports)
- M = innflutningur (imports)

0.10 Samantekt

- **Framleiðsluaðferð:** Mælir heildarvirði framleiðslu.
- **Tekjaaðferð:** Mælir heildartekjur í hagkerfi.
- **Útgjaldaaðferð:** Mælir heildarútgjöld í hagkerfi.